



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 08. apríl 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir (Teams), Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Ragnar Stefánsson og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson

1. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Þótt mannbreytingar urðu ekki miklar í stjórn að þessu sinni kynntu sig allir áður en farið var í hefðbundin fundarstörf.

2. Vetrarleikar 3

Ákveðið að halda leikana eins og búið var að auglýsa, stjórnin tekur þetta verkefni að sér.

3. Utanvegahlaup í Spretti

Umsókn um að leyfa Stjörnuhlaup sem sker reiðvegi Sprettis að litlum hluta í skamman tíma. Allir sammála um að leyfa þetta með skilyrðum, Þórdís tekur að sér að svara umsókninni.

4. Eldvarnareftirlit

Erindi barst frá Eldvarnareftirlitinu um stöðu mála í Samskipahöllinni. Katla og Ragnar taka málið áfram.

5. Íslandsmót í gæðingalist

Farið var yfir stöðuna á fyrirhuguðu Íslandsmóti í Gæðingalist sem haldið verður í Spretti. Búið er að færa mótið yfir á 1 virkan dag yfir á 30 apríl og úrslit 1 maí, mögulegt er að bæta við 29 apríl ef þörf er á. Samningur við LH ekki klár en mikilvægt að ljúka honum sem fyrst. Að lágmarki þarf 5 skráningar í hvern flokk og 20 í heildina til að mótið verði haldið.

6. Hreinsunardagur

Ákveðið að hafa hann síðasta vetrardag 23 apríl, kl. 17, Davíð, Sigrún og Halli taka þetta áfram. Ragnar hefur samband við bæjarfélögin um útvegum gáma og áhalda.

7. Erindi frá Önnu Báru Ólafsdóttir – leiga á höllum

Er í þjálfun hjá Eddu Rún og þarf að geta pantað pláss í höll með stuttum fyrirvara. Þórdís svarar þessu.

8. Erindi frá sjálfbærniefnd

Erindið tekið fyrir og samþykkt að þau útfæri þetta. Davíð verður tengiliður við stjórn. Taka frá Hattarvallahöllina milli 12-15.

Sjálfbærniefnd býðst til að taka að sér umsjón með móttöku á rúllu/bagga plasti, gert er ráð fyrir móttöku tvisvar á mánuði.

9. **Ónýtar rúllur – hvar er hægt að farga**

Erindi barst frá félagsmanni um hvar hægt sé að farga ónytum heyrúllum. Ákveðið að vísa til sjálfbærnefndar hvort nefndin sjái leið, það eina sem stjórnin getur gert er að vísa á Sorpu.

10. **Mannvirkjanefn LH**

Fyrirspurn um stærð Reiðhalla okkar og gólfefni kom frá mannvirkjanefnd LH. Davíð og Ragnar taka að sér að svara.

11. **Viðrunarhólf**

Rætt um viðrunarhólfina enda kominn tíma á að auglýsa þau. Farið lauslega yfir fyrirkomulagi, þeir umsækjendur sem voru með hólf í fyrra fá sín hólf aftur sé það mögulegt. Ákveðið að hafa tvö tímabil, 1 maí - 30. Júní og 1 júlí – 30 sept. Verð fyrir hvert tímabil um sig verður 14.000 kr og 25.000 kr séu bæði tímabilin tekin. Seinna tímabilið verður aukaúthlutun.

12. **Starfsmannamál**

Sigrún er komin með e-mail og aðgang að skráar svæðum Spretts. Farið yfir fundardaga og tíma, fundum á þriðjudögum kl. 20, yfirleitt staðfundir.

Starfsmannasamtöl voru framkvæmd við Þórdísi og Ragnar.

13. **Önnur mál**

Ákveðið var að setja símsvara á Sprettsmann eftir að hefðbundinn vinnutíma.

Þórdís er að vinna að ÍSÍ skýrslu sem Sprettur þarf að standa skila á, Katla aðstoðar eftir þörfum.

Rætt um tímasetningar fyrir Reiðmanninn á komandi kennsluári, ákveðið að bjóða dagsetningar fyrir áramót núna, dagsetningar eftir áramót skoðaðar síðar.

Farið yfir Dymbilvikusýningu. Rætt um rekstrarhring, umræðunni verður framhaldið á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 22:50

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson